

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1175

1. Almenn:

Benchmark Genetics Iceland hf. (áður Stofnfiskur hf., kt. 620391-1079), Bæjarhrauni 14, 220 Hafnarfirði, er með rekstrarleyfi (FE-1096/IS-36073) til seiðaeldis á laxi (150 tonn), bleikju (5 tonn), þorski (4.9 tonn) og hrognkelsi (40 tonn) að Kirkjuvogi, 233 Hafnir Reykjanesbæ. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 90 tonna hámarkslífmassa fyrir seiðaeldi á laxi og hrognkelsi, dags. 11. júní 2020.

Fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. að Kirkjuvogi er staðsett á landi með tvö frárennsli sem renna óhreinsuð út í sjó austan og vestan megin við fiskeldisstöðina. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti komist úr körunum. Bæði frárennsli stöðvarinnar eru með fiskigilur áður en þau renna í sjó. Litlar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 24. febrúar til 24. mars 2021 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Benchmark Genetics Iceland hf. að Kirkjuvogi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 2. janúar 2020. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 21. janúar 2020. Í umsögninni fer stofnunin fram á að Benchmark Genetics Iceland skilgreini hámarkslífmassa fyrir Kirkjuvog og óskaði jafnframt eftir upplýsingum um síðari slysasleppingarvörn í stöðinni. kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum verði athugasemdum stofnarinnar gerð skil þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótægisaðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 30. apríl 2020 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna breytingar á rekstrarleyfi Benchmark Genetics Iceland að Kirkjuvogi kemur fram að fyrirhugað eldi muni fyrst og fremst hafa möguleg áhrif á viðtaka og náttúrverndarsvæðið Ós en að með hliðsjón af því að um væri að ræða umfangslítið eldi, litla aukningu á framleiðslugetu og öflugum viðtaka mætti gera ráð fyrir að áhrif verði minniháttar. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Benchmark Genetics Iceland hf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Benchmark Genetics Iceland hf. að Kirkjuvogi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Reykjanesbæ þann 19. janúar 2021 vegna breytinga á rekstrarleyfi Benchmark Genetics Iceland hf., að Kirkjubogi í Höfnum, Reykjanesbæ. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 9. febrúar 2021, kemur fram að stofnunin telji að komi til sleppinga á laxi sé tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa vegna eldistegundarinnar sem er af norskum eldisstofni. Hrognkelsin séu skv. tilkynningunni af íslenskum uppruna og því ekki talin alvarleg ógn af þeim við villta íslenska hrognkelsastofna. Erfitt væri að meta hættuna á sleppingum þegar ekki væri fjallað um stærðir rista eða sía í fylgigögnum. Hafrannsóknarstofnun hefur mælst til þess að notast væri við tromlusíur eða sambærilegan búnað til að minnka líkur á sleppingum.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvarinnar að Kirkjubogi er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Allt frárennsli frá körum rennur í gegnum ristar til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi. Að auki fer frárennsli frá stöðinni í gegnum ristar áður en það fer út í viðtakann.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistilögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Benchmark Genetics Iceland hf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 90 tonn til seiðaeldis á laxi og hrognkelsum að Kirkjubogi, Höfnum Reykjanesbæ.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Samliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 12. maí 2037.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1175) kemur það í stað rekstrarleyfis Benchmark Genetics Iceland hf. til seiðaeldis á laxi (150 tonn), bleikju (5 tonn), þorski (4.9 tonn) og hrognkelsi (40 tonn) (FE-1096/IS-36073).

Selfossi, 12. maí 2021